

# Flóð á vatnasviðum Eyjafjarðarár, Héraðsvatna, Hvítár í Borgarfirði, Lagarfljóts og Skjálfandafljóts

I. Yfirlit yfir orsakir, stærð og afleiðingar sögulegra atburða





# Flóð á vatnasviðum Eyjafjarðarár, Héraðsvatna, Hvítár í Borgarfirði, Lagarfljóts og Skjálfandafljóts

## I. Yfirlit yfir orsakir, stærð og afleiðingar sögulegra atburða

---

Emmanuel Pagneux  
Guðrún Elín Jóhannsdóttir  
Tinna Þórarinsdóttir  
Hilmar Björn Hróðmarsson  
Davíð Egilson



<b>Skýrsla nr.:</b> VÍ 2017-006	<b>Dags.:</b> Maí 2017	<b>ISSN:</b> 1670-8261	<b>Opin</b> <input checked="" type="checkbox"/> <b>Lokuð</b> <input type="checkbox"/> <b>Skilmálar:</b>
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Flóð á vatnasviðum Eyjafjarðarár, Héraðsvatna, Hvítár í Borgarfirði, Lagarfljóts og Skjálfandafljóts I. Yfirlit yfir orsakir, stærð og afleiðingar sögulegra atburða		<b>Upplag:</b> 18 <b>Fjöldi síðna:</b> 152 <b>Framkvæmdastjóri sviðs:</b> Jórunn Harðardóttir	
<b>Höfundar:</b> Emmanuel Pagneux, Guðrún Elín Jóhannsdóttir, Tinna Þórarinsdóttir, Hilmar Björn Hróðmarsson og Davíð Egilson		<b>Verkefnisstjóri:</b> Emmanuel Pagneux <b>Verknúmer:</b> 4711-0-0002	
<b>Gerð skýrslu/verkstig:</b> Lokaskýrsla		<b>Málsnúmer:</b> 2015-153	
<b>Unnið fyrir:</b>			
<b>Samvinnuaðilar:</b>			
<b>Útdráttur:</b> Þessi skýrsla er yfirlit yfir orsakir, árstíðasveiflur, stærð og afleiðingar sögulegra flóða á vatnasviðum Eyjafjarðarár, Héraðsvatna, Hvítár í Borgarfirði, Lagarfljóts og Skjálfandafljóts. Skýrslan er fyrri bindi af tveimur um söguleg flóð á Íslandi sem gefin eru út vegna vinnu við hættumat vegna vatnsflóða. Upplýsingar notaðar í greiningunni eru skriflegar lýsingar, myndefni og mæligögn svo sem veðurgögn og vatnamælingar. Heimildir eru fengnar úr ýmsum áttum.			
<b>Lykilorð:</b> Vatnsflóð, Eyjafjarðará, Héraðsvötn, Hvítá í Borgarfirði, Lagarfljót, Skjálfandafljót, endurkomutími, orsakir, tjónspor, útbreiðsla		<b>Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs:</b>  <b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b>  <b>Yfirlitarið af:</b> Oddi Sigurðssyni, Kristjönu G. Eyþórsdóttur, Njáli F. Reynissyni, Árna Snorrasyni, Bergi Einarssyni og Sigurlaugu Gunnlaugsdóttur	



# EFNISYFIRLIT

Ágrip .....	7
<b>I. Viðfangsefni.....</b>	<b>9</b>
1 Inngangur .....	9
2 Flóðagagnasafn Veðurstofu Íslands .....	11
3 Flokkun flóða.....	12
4 Heimildir .....	15
<b>II. Eyjafjarðará .....</b>	<b>17</b>
1 Rannsóknarsvæði .....	17
2 Grunnögn .....	17
3 Flokkun flóða.....	20
4 Afleiðingar .....	23
5 Samantekt.....	27
6 Þakkir .....	27
7 Heimildir .....	28
<b>III. Héraðsvötn.....</b>	<b>33</b>
1 Rannsóknarsvæði .....	33
2 Grunnögn .....	33
3 Flokkun flóða.....	39
4 Afleiðingar .....	48
5 Samantekt.....	59
6 Þakkir .....	59
7 Heimildir .....	59
<b>IV. Hvítá í Borgarfirði .....</b>	<b>65</b>
1 Rannsóknarsvæði .....	65
2 Grunnögn .....	65
3 Flokkun flóða.....	69
4 Afleiðingar .....	75
5 Samantekt.....	83
6 Þakkir .....	83
7 Heimildir .....	83
<b>V. Lagarfljót.....</b>	<b>91</b>
1 Rannsóknarsvæði .....	91
2 Grunnögn .....	91
3 Flokkun flóða.....	94

4	Afleiðingar.....	99
5	Samantekt.....	103
6	Þakkir.....	103
7	Heimildir.....	104
<b>VI. Skjálfandafljót.....</b>		<b>107</b>
1	Rannsóknarsvæði.....	107
2	Grunngögn.....	107
3	Flokkun flóða.....	110
4	Afleiðingar.....	114
5	Samantekt.....	120
6	Þakkir.....	120
7	Heimildir.....	120
<b>A. Heimildir á Tímarit.is.....</b>		<b>124</b>



# ÁGRIP

Sögulegar heimildir er varða flóð voru kannaðar á vatnasviðum Eyjafjarðarár, Héraðsvatna, Hvítár í Borgarfirði, Lagarfljóts og Skjálfandafljóts. Heimildir voru fengnar úr ýmsum áttum en rannsóknin byggði á skriflegum heimildum, myndefni og mæligögnum svo sem veðurgögnum og vatnamælingum. Unnt var að afmarka 190 flóðaatburði með mikilli vissu og miðaði rannsóknin að því að greina orsakir þeirra, árstíðasveiflur, stærð og afleiðingar.

Langflestir atburðir (~50%) gerðust á tímabilinu desember–mars. Ríkjandi orsakir flóðanna voru leysing ein og sér (47%), eða sambland leysingar og úrkomu (21%). Beinar afleiðingar flóðanna hafa aðallega verið tjón á samgöngukerfinu. Einungis er vitað um eitt flóð sem hefur haft dauðsfall í för með sér eftir 1900 en atburðurinn átti sér stað 14. október 1910 við brú sem var í smíðum yfir Norðurá. Það vekur athygli að það eru ekki endilega mestu mældu flóð hvers árs sem hafa valdið skaða en ástæður þess geta verið að ýmsum toga. Mæld vatnshæð við mæli er ekki endilega lýsandi fyrir ástand vatnsfalla í öllum farvegum á viðkomandi vatnasviði, t.d. vegna myndun ísstífla í farvegi hlutvatnasviðs fjarri vatnshæðarmæli eða vegna staðbundinnar úrkomu sem nær ekki yfir allt vatnasviðið. Enn fremur er þekkt að minni flóð sem verða að vetri til þegar jörð er frosin geta oft á tíðum valdið meira tjóni en stærri flóð sem verða utan vetrartíma.

Mesti fjöldi flóða sem getið er um í heimildum var í árunum 1950–1970. Oft á tíðum var endurkomutími slíkra flóða innan við fimm ár. Með árunum hefur dregið úr tíðni flóða sem hafa valdið skaða á samgöngumannvirkjum sem gefur til kynna að endurbætur og uppbygging samgöngumannvirkjanna hafi gert það að verkum að þau standi frekar af sér flóð, fremur en að dregið hafi úr hættu á stórum flóðum. Hins vegar er verkefnið afmarkað við söguleg flóð og niðurstöður þess segja ekki til um framtíðarhorfur flóða á Íslandi í samhengi við hnattrænar loftslagsbreytingar, hvorki breytingar á stærð né áhrifum eða árstíðasveiflum flóða.



# I. VIÐFANGSEFNI

## 1 Inngangur

Þessi skýrsla er yfirlit yfir orsakir, árstíðasveiflur, stærð og afleiðingar sögulegra flóða á vatnasviðum Eyjafjarðarár, Héraðsvatna, Hvítár í Borgarfirði, Lagarfljóts og Skjálfandafljóts (Mynd I-1). Skýrslan er fyrra bindi af tveimur um söguleg flóð á Íslandi sem gefin eru út vegna vinnu við hættumat vegna vatnsflóða.

### 1.1 Forsaga

Alþingi samþykkti í desember 2014 breytingu á lögum nr. 47 frá 1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem heimilaði að nota fé Ofanflóðasjóðs til að taka þátt í greiðslu kostnaðar við hættumat vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða. Í kjölfar lagabreytinganna fékkst fjármagn til að hefja vinnu við hættumat vegna vatnsflóða á Íslandi. Eitt af þeim verkefnum sem áætlað var að vinna í fyrsta hluta hættumatsins er samantekt sögulegra flóða og mat á umfangi og áhrifum þeirra fyrir ofanefnd vatnsföll.

Grunnur þeirrar vinnu byggir á eldra verkefni sem unnið var í kjölfar mikilla flóða sem urðu í desember 2006. Verulegt tjón varð þá af völdum vatns og á Suðurlandi fóru svæði á kaf þar sem fyrirhugað hafði verið að reisa byggð. Í kjölfar flóðanna fól Iðnaðarráðuneytið þáverandi Vatnamælingum Orkustofnunnar að:


- Kortleggja mörk flóðanna á ofangreindum svæðum;
- Leggja mat á flóðahæð eldri flóða;
- Byggja upp gagnabanka um söguleg flóð sem myndi verða grunnur fyrir ákvarðanir og lagasmíð;
- Setja upp vatnshæðarmæla til að gefa viðvaranir um flóð á helstu flóðasvæðum landsins.

Verkefnið gekk vel þrátt fyrir að ekki væri unnið að öllum upprunalegu verkþáttunum vegna niðurskurðar á fjárveitingu. Verkefninu lauk með kynningarfundum fyrir viðkomandi sveitarfélög árið 2010. Til viðbótar við kortlagningu flóðanna árið 2006<sup>1</sup> voru söguleg flóð í Hvítá í Árnessýslu og Ölfusá greind og skráð<sup>2</sup> og viðvörðunarmælar vegna flóða settir upp. Sveitarstjórnir og skipulagsyfirlöng fengu aðgang að flóðakortunum og öðrum niðurstöðum verkefnisins. Þessi gögn hafa verið afar mikilvæg vegna vinnu við aðal- og deiliskipulag á ofangreindum vatnasviðum. Segja má að niðurstöðurnar hafi komið í veg fyrir skipulagsmistök og hjálpað til við lausn ágreiningsmála.

---

<sup>1</sup> Árni Snorrason og fl., 2007; Veðurstofa Íslands, 2008; Veðurstofa Íslands, 2009a; Veðurstofa Íslands, 2009b; Veðurstofa Íslands, 2010a; Veðurstofa Íslands, 2010b; Veðurstofa Íslands, 2010c.

<sup>2</sup> Emmanuel Pagneux og fleiri, 2010.



Mynd I-1. Vatnasviðin fimm sem rannsökuð hafa verið í verkefninu.

## 1.2 Markmið verkefnisins

Í þessu verkefni var haldið áfram við gerð gagnasafns sem upprunalega var sett upp við söfnun gagna í tengslum við flóðin sem urðu í desember 2006. Byggt á þeim upplýsingum sem hafa verið settar inn í gagnasafnið voru:

- Flóð flokkuð eftir gerð þeirra og á hvaða árstíð þau urðu.
- Flóðför og flóðasvæði greind eftir því sem unnt var.
- Afleiðingar flóðanna greindar, t.d. eignatjón og manntjón.

Þess ber að geta að niðurstöður þessa verkefnis segja ekki til um áhrif hnattrænna loftslagsbreytinga á framtíðarhorfur flóða á Íslandi en þær geta haft áhrif á stærð, áhrif og árstíðasveflu flóða. Fyrri rannsóknir hafa bent til þess að afrennsli og einkenni flóða muni breytast á þann veg að afrennsli muni aukast að haust- og vetrarlagi<sup>3</sup> með tíðari smáum vetrarflóðum<sup>4</sup> og að vorflóð muni verða fyrr á ferðinni og líklega minni að stærð<sup>5</sup>. Þetta ritverk fjallar hins vegar einungis um þau flóð sem þegar hafa orðið og er nauðsynlegt skref í átt að betra mati á flóðahættu hérlendis.

<sup>3</sup> Bergur Einarsson og Sveinbjörn Jónsson, 2010.

<sup>4</sup> Thorsteinn Thorsteinsson og Halldór Björnsson, 2012.

<sup>5</sup> Tómas Jóhannesson og fleiri, 2007.

### 1.3 Bindi skýrslunnar

Vinnuhópur skilaði niðurstöðum sínum í tveimur bindum. Bindi Eitt (þetta bindi) er yfirlit yfir orsakir, árstíðarsveiflur, stærð og afleiðingar flóðaatburða á vatnasviðum Eyjafjarðarár (kafla II), Héraðsvatna (kafla III), Hvítár í Borgarfirði (kafla IV), Lagarfljóts (kafla V) og Skjálfandafljóts (kafla VI). Bindi Tvö er samantekt atburðablaða<sup>6</sup>. Þar má finna helstu upplýsingar um hvert og eitt flóð sem hefur verið skráð í gagnagrunni.

## 2 Flóðagagnasafn Veðurstofu Íslands

Flóðagagnasafnið er vensla- og LUK- gagnagrunnur sem var þróaður með Access- gagnasafnskerfi og ArcGis Desktop- landupplýsingakerfi. Til stendur að flytja venslagagnahluta grunnsins yfir í PostgreSQL- gagnasafnkerfið.

### 2.1 Viðfangsefni safnanna

Fyrir hvert ofangreint svæði hafa verið færðar í gagnasafnið upplýsingar um stað- og tímasetningu flóða, orsakir og afleiðingar þeirra (mannskaði, byggingatjón, o.s.frv.), veðurmælingar (hiti, úrkoma, og vindur) og vatnamælingar (vatnshæð, rennsli, flóðför) tengdar flóðaatburðum, sem og viðeigandi heimildir. Flóðagagnasafnið geymir sem stendur ekki tæmandi lista yfir öll flóð sem orðið hafa á viðkomandi vatnasviði heldur einungis þau flóð sem til eru ritaðar heimildir um.

### 2.2 Tegund upplýsinga og heimilda

Upplýsingar sem notaðar voru í greiningunni eru af þrenns konar uppruna: Skriflegar lýsingar, myndefni (ljósmyndir, gervihnattamyndir, myndbönd) og mæligögn svo sem veðurgögn og vatnamælingar. Heimildir eru fengnar úr ýmsum áttum:

- Útgefið efni (fræðirit, tímarit, skýrslur fagaðila, blaðagreinar, o.s.frv.);
- Ríkisstofnanir ábyrgar fyrir byggingu og viðhaldi mannvirkja sem geta orðið fyrir áhrifum flóða (Vegagerðin, Landgræðsla Ríkisins);
- Sveitarfélög;
- Almennigur.

#### 2.2.1 Lýsingar í tímaritum og fréttablöðum aðgengilegar á Tímarit.is

Tímarit.is er stafrænt safn sem veitir aðgang að milljónum myndaðra blaðsíðna á stafrænu formi af þeim prentaða menningararfi sem varðveittur er í blöðum og tímaritum frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi<sup>7</sup>. Blaðsíður þar sem lýsingar um flóð fundust hafa verið skráðar í flóðagagnagrunni og gefið auðkenni til tilvísunar sem er myndað af eftirfarandi upplýsingum: ([Fyrstu tveir stafir fréttablaða/tímarita]-[ár]-[mánuður]-[dagur]-[blaðsíðunúmer]. Sem dæmi má nefna var blaðsíða 3 af Alþýðumanninum frá 30. desember 1931 gefin auðkennið „Al-1931-12-30-3“ (Heildarlisti gefinn í viðauka B).

### 2.3 Auðkenni atburða

Allir atburðir sem eru skráðir í gagnasafninu hafa sértækt staftölu auðkenni sem inniheldur upplýsingar um vatnasviðið þar sem flóðið varð og dagsetningu atburðarins:

- Þegar vitað er um mánuðinn sem atburðurinn varð er auðkennið myndað af auðkenni vatnasviðsins (Tafla I-1), árinu og mánuðinum sem atburður varð: [Vatnasvið] &\_" & [Ár] & "." & [Mánuður].

<sup>6</sup> Emmanuel Pagneux og fl., 2017.

<sup>7</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2010.

- Þegar ekki er vitað í hvaða mánuði atburðurinn varð er auðkennið einungis myndað af auðkenni vatnasviðsins og árinu sem atburðurinn varð: [Vatnasvið] & "\_" & [Ár].

Til dæmis, atburður HRDV\_1901.6 er flóð sem gerðist á vatnasviði Héraðsvatna í júní 1901 og atburðurinn HRDV\_1881 er flóð sem gerðist á vatnasviði Héraðsvatna árið 1881. Gott er að hafa í huga að hér er auðkenni ekki alvöru einkennisnúmer atburða heldur tökuheiti sem notað er til að auðvelda festingu atburða í minni.

Tafla I-1. Auðkenni vatnasviða.

Vatnasvið	Auðkenni
Eyjafjarðará	EJFD
Héraðsvötn	HRDV
Hvítá í Borgarfirði	BRGR
Lagarfljót	LGRF
Skjálfandafljót	SKJLF

## 3 Flokkun flóða

### 3.1 Gerð flóða

Til eru ýmsar gerðir flóða s.s. jökulhlaup, þrepahlaup, mannvirkniflóð og viðburðaflóð. Jökulhlaup eru langstærstu flóð hér á landi sem verða þegar vatn brýtur sér leið undan jökli, oft tengt eldsumbrotum. Þrepahlaup nefnast skyndileg flóð á veturnum sem verða þegar ísstíflur breyta hver af annari og flóðalda getur myndast. Mannvirkniflóð eru þau flóð sem tengd eru beinum inngrípum mannsins, mannvirkjum og bilunum á þeim, s.s. vegna stíflubrota. Viðburðaflóð eru svo flóð sem verða vegna óvæntra náttúruviðburða svo sem berghruns, skriða eða snjóflóða<sup>8</sup>.

Umfjöllunarefni þessa verkefnis eru þó flest af annarri tegund flóða en hér hefur verið lýst, svonefnd veðurorsökuð flóð. Flóð sem orsökun eru af veðri hafa almennt verið greind í regnflóð, leysingaflóð og síðan sambland af þessu tvennu. Þessi flokkun flóða eftir mismunandi orsökum byggist á vinnu sem gefin var út í greinargerð eftir Sigurjón Rist og Loft Þorsteinsson<sup>9</sup> sem flokkuðu stærstu mældu flóð helstu vatnsfalla hérlendis. Sigurjón gerði síðar enn fremur grein fyrir þessum mismunandi flokkum flóða í bók sinni *Vatns er þörf*<sup>10</sup>. Fram að útgáfu þessara rita höfðu flóðagreiningar hérlendis að mestu verið hluti af virkjanaáætlunum, sérstaklega forhönnunar og hönnunarvinnu. Það er til nákvæmari flokkun er snýr að samverkandi áhrifum íss og snævar á gerðir flóða<sup>11</sup>. Algengustu flóð af því tagi eru tengd ísstíflum sem yfirleitt eru myndaðar úr höfuðis meðfram árbökkunum, grunnstingli og klaka-hröngli sem rekur niður eftir ánni. Þegar ísstíflur myndast getur hlaðist upp bakvatn upp eftir ánni og það flætt yfir aðliggjandi svæði. Hættulegustu flóðin eru hins vegar þrepahlaupin sem verða þegar ísstíflur breyta. Það er oft talsverðum vandkvæðum háð að greina söguleg flóð eftir orsökum þeirra. Fyrir það fyrsta er verið að fjalla um flóð sem urðu áður en reglubundnar rennslis- og veðurmælingar hófust. Þessu til viðbótar verður að huga að því þar sem veðurmælingar eru til staðar, lýsa þær oft á tíðum aðstæðum mjög staðbundið. Úrkoma breytist verulega með landhæð og landslagi og hún getur því verið afar frábrugðin því sem er á mælistaðnum í aðeins nokkurra kílómetra fjarlægð. Á sama hátt breytist hitastig með hæð og vel er þekkt að rigni á láglandi meðan snjó kyngir niður ofar á vatnasviðinu. Þess vegna verður að leggja áherslu á að veðurmælingar frá stökum mælistöðum gefa því aðeins vísbendingu

<sup>8</sup> Sigurjón Rist, 1990.

<sup>9</sup> Sigurjón Rist og Loftur Þorsteinsson, 1981.

<sup>10</sup> Sigurjón Rist, 1990.

<sup>11</sup> Árni Snorrason og fl., 2000.

um hvað kann að hafa gerst á vatnasviðinu þegar flæddi, en þær hafa lítið forspárgildi varðandi hugsanleg flóð.


Við flokkunina var því lítið til eftirtalinna viðmiða:

- Þegar samtímalýsingar greina hvort um sé að ræða regnflóð eða leysingaflóð eru flóðin flokkuð í samræmi við það.
- Hafi að mati sérfræðings hlýnað merkjanlega á nálægri veðurstöð án þess að úrkoma aukist samfara flóðinu á vetrarmánuðum fram á sumar er talið að um leysingaflóð sé að ræða.
- Sé merkjanleg aukning í úrkomu að mati sérfræðings samfara hitastigshækkun á vetrarmánuðum fram á sumar er talið að um leysinga- og regnflóð sé að ræða.
- Sé úrkoma eða úrhelli að mati sérfræðings yfir eðlilegum mörkum á síðsumars- eða haustmánuðum eru flóðin sem koma í vatnsföllin greind sem rigningarflóð.

### 3.2 Stærð og endurkomutími flóða

Þegar rennsli vatnsfalla hefur verið mælt um árabíl, helst í nokkra áratugi er unnt reikna út meðal-endurkomutíma flóða af tiltekinni stærð með allgóðri nákvæmni. Þannig má fá tölfraðilegan grundvöll til þess að velja forsendur varðandi ásættanlega áhættu í umgengi við vatnsföllin. Mat á endurkomutíma verður því nákvæmara sem mæliröðin er lengri.

Tíðnigreining flóða lýsir sambandi flóðs og endurkomutíma þess. Grunnhugmyndin er að finna mestu flóð hvers árs og raða þeim í fallandi röð. Tvenns konar aðferðir hafa tíðkast við val á flóðum til tíðnigreininga; annars vegar að velja mesta flóð hvers árs og hins vegar að nota öll flóð sem eru stærri en ákveðið lágmarksgildi. Sýnt hefur verið fram á að sáralítill munur er á milli aðferðanna þegar komið er fram yfir 10 ár<sup>12</sup>. Hérlandis hefur nánast eingöngu verið notað að velja mesta daglegt flóð hvers árs. Mynd I-2 sýnir slíka endurkomutímagreiningu frá Norðurá í Borgarfirði þar sem unnt er að sjá líkindi á við hvaða stærð af flóði má búast við á t.d. 100 ára fresti.




Mynd I-2. Niðurstöður tíðnigreiningar fyrir VHM128. Línuritið sýnir reiknuð og mæld hæstu flóð ásamt 95% vikmörkum (brotin lína).

<sup>12</sup> Kristinn Guðmundsson, 1993.

Í úttekt á íslenskum vatnsföllum sem Kristinn Guðmundsson gerði 1993<sup>13</sup> kemur fram að svokallaðar *log-normal*, og *log Pearson III* dreifingar gáfu besta aðlögun að mælingunum. Þessar dreifingar hafa því oft verið notaðar hérlendis<sup>14</sup>. Umfangsmikil vinna hefur einnig farið fram hérlendis hvað varðar tíðnigreiningu flóða á stöðum þar sem engar rennslisraðir eru tiltækar. Sú vinna byggist á að greina vatnafarslega einsleit svæði hvað varðar flóðatölfræði og yfirfæra svæðisbundna flóðatíðnigreiningu af mældum svæðum yfir á ómæld svæði<sup>15</sup>. Svæðisbundin flóðatíðnigreining hefur verið prófuð á mismunandi svæðum hvað varðar land- og vatnafræðilega eiginleika vatnasviðanna<sup>16</sup> og með því að tengja saman mældar rennslisraðir og líkanreiknaðar rennslisraðir<sup>17</sup>. Handbók fyrir hönnunarflóð á Íslandi var gefin út árið 2013<sup>18</sup> og er hún ætluð þeim sem taka þurfa tillit til úrkomuflóða við hönnun veitukerfa, vega o.s.frv.

Þess ber að geta að þau flóð sem eru skráð í gagnabanka sögulegra flóða vegna þess tjóns og þeirrar röskunar sem þau ollu, þurfa ekki endilega að hafa verið stærstu flóð ársins sem koma fram við viðkomandi vatnshæðarmæli (Mynd I-3). Á því kunna að vera ýmiss konar skýringar. Þar má nefna atriði eins og til dæmis myndun ísstífla ofan við mælistaði sem geta orsakað flóð sem ekki sjást á mælistaðnum<sup>19</sup>, áhrif flóða koma fram á hluta vatnasviðsins en ekki því öllu. Þess vegna þarf að fara varlega í að nota rennslisröð frá einum mæli til þess að meta endurkomutíma flóða innan tiltekins vatnasviðs í heild.

Þá ber að nefna með árunum hefur dregið úr tíðni flóða sem hafa valdið skaða á samgöngumannvirkjum sem gefur til kynna að endurbætur og uppbygging samgöngumannvirkjanna hafi gert það að verkum að þau standi frekar af sér flóð. Nánar verður fjallað um hvaða skýringar kunna að liggja að baki þegar fjallað er um hvert vatnsfall fyrir sig.



Mynd I-3. Samanburður milli rennslis skráðra atburða og mesta rennslis ársins við Kljáfoss (VHM 66). Flóð sem eru skráð í gagnabanka sögulegra flóða vegna þess tjóns og þeirrar röskunar sem þau ollu, þurfa ekki endilega að hafa verið stærstu flóð ársins sem koma fram við viðkomandi vatnshæðarmæli.

<sup>13</sup> Kristinn Guðmundsson, 1993.

<sup>14</sup> Kristinn Guðmundsson og Páll Jónsson 1994; Heiðrún Guðmundsdóttir og Páll Jónsson, 1997; Hilmar Björn Hróðmarsson og fl., 2009.

<sup>15</sup> Philippe Crochet, 2012a.

<sup>16</sup> Philippe Crochet, 2012b; Philippe Crochet & Tinna Þórarinsdóttir, 2015; Philippe Crochet, 2015.

<sup>17</sup> Philippe Crochet & Tinna Þórarinsdóttir, 2014.

<sup>18</sup> Jónas Elíasson, 2013.

<sup>19</sup> Emmanuel Pagneux og fl., 2010.



## 4 Heimildir

- Árni Snorrason, Helgi Björnsson og Helgi Jóhannesson (2000). Causes, characteristics and predictability of floods in regions with cold climates. Í Parker D.J. (ritstj.), *Floods*. Vol. II. Routledge.
- Árni Snorrason, Oddur Sigurðsson, Gunnar Sigurðsson, Bogi B. Björnsson, & Jórunn Harðardóttir (2007). *Flóð á Skeiðum*. Reykjavík: Orkustofnun. Sótt frá: <http://www.os.is/gogn/Greinargerdir/Grg-OS-2007/ASn-OSig-GS-BBB-JHa-2007-001.pdf>
- Bergur Einarsson og Sveinbjörn Jónsson (2010). *The effect of climate change on runoff from two watersheds in Iceland*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands VÍ 2010-016. Sótt frá: [http://www.vedur.is/media/ces/2010\\_016.pdf](http://www.vedur.is/media/ces/2010_016.pdf)
- Heiðrún Guðmundsdóttir og Páll Jónsson (1997). *Flóð tólf vatnsfalla*. Samvinnuverk Vegagerðarinnar og Orkustofnunar. Reykjavík.
- Hilmar Björn Hróðmarsson, Njáll Fannar Reynisson & Ólafur Freyr Gíslason (2009). *Flóð Íslenskra vatnsfalla — Flóðagreining rennsliraða*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands. Sótt frá: [http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/skyrslur/2009/VI\\_2009\\_001\\_tt.pdf](http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/skyrslur/2009/VI_2009_001_tt.pdf)
- Jónas Elíasson (2013). *Handbók fyrir hönnunarflóð á Íslandi*. Sótt frá: [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Flodahandbok\\_2013/\\$file/Flodahandbok\\_2013.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Flodahandbok_2013/$file/Flodahandbok_2013.pdf)
- Kristinn Guðmundsson (1993). *Flóð þrettán vatnsfalla*. Samvinnuverkefni Vegagerðar ríkisins og Orkustofnunar. Reykjavík: Orkustofnun OS-93044/VOD-03. Sótt frá: <http://www.os.is/gogn/Skyrslur/OS-1993/OS-93044.pdf>
- Emmanuel Pagneux, Guðrún Gísladóttir & Árni Snorrason (2010). Inundation extent as a key parameter for assessing the magnitude and return period of flooding events in southern Iceland. *Hydrological Sciences Journal*, 55, 704-716.
- Emmanuel Pagneux, Guðrún Elín Jóhannsdóttir, Tinna Þórarinsdóttir, Hilmar Björn Hróðmarsson, og Davíð Egilson (2017). *Flóð á vatnasviðum Eyjafjarðarar, Héraðsvatna, Hvítár í Borgarfirði, Lagarfljóts og Skjálfandafljóts: II. Atburðablöð*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands VÍ 2017-007.
- Kristinn Guðmundsson og Páll Jónsson (1994). *Flóð þrjátíu vatnsfalla*. Samvinnuverkefni Vegagerðar Ríkisins og Orkustofnunar. Reykjavík: Orkustofnun OS-94042/VOD-03. Sótt frá: <http://www.os.is/gogn/Skyrslur/OS-1994/OS-94042.pdf>
- Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. (2010). *Timarit.is - Um vefinn*. Sótt frá Tímarit.is: [http://timarit.is/about\\_init.jsp?lang=is](http://timarit.is/about_init.jsp?lang=is)
- Philippe Crochet (2012). *High resolution precipitation mapping in Iceland by dynamic downscaling of ERA-40 with a linear model of orographic precipitation*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands VÍ 2012-003. Sótt frá: [http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/skyrslur/2012/2012\\_003\\_web.pdf](http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/skyrslur/2012/2012_003_web.pdf)
- Philippe Crochet (2012). *Estimating the flood frequency distribution for ungauged catchments using an index flood procedure. Application to ten catchments in Northern Iceland*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands VÍ 2012-005. Sótt frá: [http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/skyrslur/2012/2012\\_005.pdf](http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/skyrslur/2012/2012_005.pdf)
- Philippe Crochet (2015). *Regional Flood Frequency Analysis: Application to partly glacierized and/or groundwater-fed catchments*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands VÍ 2015-009. Sótt frá: [http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/skyrslur/2015/VI\\_2015\\_009.pdf](http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/skyrslur/2015/VI_2015_009.pdf)
- Philippe Crochet og Tinna Þórarinsdóttir (2014). *Flood frequency estimation for ungauged catchments in Iceland by combined hydrological modeling and regional frequency analysis*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands VÍ 2014-001. Sótt frá: [http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/skyrslur/2014/VI\\_2014\\_001.pdf](http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/skyrslur/2014/VI_2014_001.pdf)
- Philippe Crochet og Tinna Þórarinsdóttir (2015). *Regional Flood Frequency Analysis: A case study in eastern Iceland*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands VÍ 2015-007. Sótt frá: [http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/skyrslur/2015/VI\\_2015\\_007.pdf](http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/skyrslur/2015/VI_2015_007.pdf)
- Sigurjón Rist (1990). *Vatns er þörf*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Sigurjón Rist og Loftur Þorsteinsson (1981). *Flóð íslenskra vatnsfalla*. Reykjavík: Orkustofnun SR-81/05.
- Tómas Jóhannesson, Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Helgi Björnsson, Philippe Crochet, Elías B. Elíasson, Sverrir Guðmundsson, ... Thorsteinn Thorsteinsson (2007). *Effect of climate change on hydrology and hydro-*

*resources in Iceland*. Reykjavík: Orkustofnun OS-2007/11. Sótt frá: <http://www.os.is/gogn/Skyrslur/OS-2007/OS-2007-011.pdf>

Thorsteinn Thorsteinsson og Halldór Björnsson (ritstj.) (2012). *Climate change and Energy Systems. Impacts, Risks and Adaptation in the Nordic and Baltic countries*. Nordic Council of Ministers. Sótt frá: <http://www.nordicenergy.org/wp-content/uploads/2011/12/Climate-Change-and-Energy-Systems-CES-project.pdf>

Veðurstofa Íslands (2008). *Útbreiðsla og hæð flóðmarka í desemberflóði 2006 nærri Iðu*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands. Sótt frá: [https://luk.vedur.is/brunnur/flodakort/olfus\\_hvita/Ida\\_flodakort\\_20080905.pdf](https://luk.vedur.is/brunnur/flodakort/olfus_hvita/Ida_flodakort_20080905.pdf)

Veðurstofa Íslands (2009). *Útbreiðsla og hæð flóðmarka á Skeiðunum í desember flóði 2006*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands. Sótt frá: [https://luk.vedur.is/brunnur/flodakort/olfus\\_hvita/skeid\\_flodakort\\_20090415.pdf](https://luk.vedur.is/brunnur/flodakort/olfus_hvita/skeid_flodakort_20090415.pdf)

Veðurstofa Íslands (2009). *Útbreiðsla og hæð flóðmarka á Sorta í desember flóði 2006*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands. Sótt frá: [https://luk.vedur.is/brunnur/flodakort/olfus\\_hvita/sorti\\_flodakort\\_20090218.pdf](https://luk.vedur.is/brunnur/flodakort/olfus_hvita/sorti_flodakort_20090218.pdf)

Veðurstofa Íslands (2010). *Héraðsvötn í Skagafirði - desember flóð 2006: Flóðakort 1:20.000*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands. Sótt frá: [https://luk.vedur.is/brunnur/flodakort/skagafj/skagafjordur\\_flodakort\\_20100126.pdf](https://luk.vedur.is/brunnur/flodakort/skagafj/skagafjordur_flodakort_20100126.pdf)

Veðurstofa Íslands (2010). *Hvítá í Borgarfirði - desember flóð 2006: Flóðakort - Útbreiðsla og vatnshæð*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands. Sótt frá: [https://luk.vedur.is/brunnur/flodakort/borgarfj/hvita\\_borgarfj\\_flodakort\\_20100126.pdf](https://luk.vedur.is/brunnur/flodakort/borgarfj/hvita_borgarfj_flodakort_20100126.pdf)

## II. EYJAFJARÐARÁ

### 1 Rannsóknarsvæði

Eyjafjarðará er eitt af fjórum aðalvatnsföllum sem falla til Eyjafjarðar. Rannsóknarsvæðið þekur allt vatnasvið Eyjafjarðarár (Mynd II-1) sem er ~1700 km<sup>2</sup> af stærð. Helstu þverár Eyjafjarðarár eru Torfufellsá, Djúpadalsá og Skjöldalsá vestanmegin en austanmegin eru þær Núpá, Mjaðmá og Þverá (Tafla II-1). Eyjafjarðará og þverár hennar eru allar dragár<sup>20</sup> sem eru vatnsmiklar í leysingum og rigningartíð en dragast saman í þurrkatíð<sup>21</sup>.

### 2 Grunn gögn

Upplýsingar sem voru notaðar við að finna og greina flóð sem hafa komið á vatnasviði Eyjafjarðarár voru fengnar úr ritum, myndum og vatnamælingum auk veðurgagna.

#### 2.1 Ritaðar heimildir og myndefni

Ritaðar heimildir og myndefni um atburðina á vatnasviði Eyjafjarðarár fundust aðallega í tímaritum og fréttablöðum sem eru í stafræna safninu Tímarit.is (Tafla A-1, Tafla A-6). Heildarlista yfir þær heimildir sem notaðar voru er að finna í §7.

#### 2.2 Veðurgögn

Skoðuð voru úrkomu- og hitagögn frá mönnum skeytastöðvum nr. 422 og 425 (Mynd II-2, Tafla II-2). Veðurstöð 422 er á Akureyri, nálægt árósum Eyjafjarðarár og hefur hún verið í rekstri frá 1881 en veðurgögn sem aðgengileg eru í gagnagrunni ná einungis tímabilinu frá 1.1.1949. Veðurstöð 425 er á Torfum, á neðri hluta vatnasviðs Eyjafjarðarár og hefur verið í rekstri frá 28.9.1997.

#### 2.3 Vatnamælingagögn


Vatnsborðgögn frá vatnshæðarmæli VHM 224 voru skoðuð. Mælirinn er í Maríugerði við Hrafnagil (Mynd II-2), á neðri hluta vatnasviðs Eyjafjarðarár, og hefur verið í stopulum rekstri frá október 1982<sup>22</sup>. Gögn eru til fyrir þrjú tímabil sem eru 1.10.1982–31.12.1987, 1.4.1992–3.10.1993 og frá 31.10.2007. Skoðað var meðalgildi vatnsborðs á hverjum sólarhring. Ekki var unnt að meta endurkomutíma flóða á vatnasviði Eyjafjarðarár vegna ónægra rennslisgagna.

---

<sup>20</sup> Sigurjón Rist, 1990.

<sup>21</sup> Guðmundur Kjartansson, 1945.

<sup>22</sup> Veðurstofa Íslands, 2016.




Mynd II-1. Vatnasvið Eyjafjarðarar (blátt svæði) og helstu þverár innan vatnasviðsins.

Tafla II-1. Helstu þverár innan vatnasviðsins Eyjafjarðarar.

Upptök	Þverá	Stærð vatnasviðs (km <sup>2</sup> )	Rennsliseiginleikar*
Vesturhluti vatnasviðsins	Torfufellsá	105	D
	Djúpadalsá	190	D
	Skjöldalsá	60	D
Austurhluti vatnasviðsins	Núpá	260	D
	Mjaldmá	75	D
	Þverá	140	D

\* J: jökulá; D: dragá; L: lindá; S: stöðuvatn.<sup>23</sup>

<sup>23</sup> Sigurjón Rist, 1990.



Mynd II-2. Staðsetning veður- og vatnsborðsstöðva sem notaðar voru til að greina flóð á vatnasviði Eyjafjarðarar.

Tafla II-2. Veðurstöðvar.

Númer	Nafn	Upphaf athugana	Tegund	Breidd	Lengd	Hæð m y.s.
422	Akureyri	1.1.1949	Mönnuð	65,6856	-18,1002	23
425	Torfur	28.9.1997	Mönnuð	65,459	-19,368	115

## 3 Flokkun flóða

Unnt var að afmarka 29 flóðaatburði á vatnasviði Eyjafjarðarár með mikilli vissu. Langflestir gerðust eftir 1900, á þremur 20-ára ( $\pm 5$ ) tímabilum: 1916–1939, 1949–1965, og 1983–2006 (Mynd II-3). Þeir atburðir sem gerðust fyrr urðu 1885 og 1897. Í tveimur tilfellum eða í 1956 og 1960 urðu fleiri en eitt flóð á ári.

### 3.1 Orsakir og tíðni flóða

Rúmur þriðjungur flóða eða 34% hefur átt sér stað í júní mánuði en rúmur helmingur eða 54% yfir sumarmánuðina júní til ágúst. Flest vetrarflóðanna hafa átt sér stað í febrúar mánuði (Mynd II-4). Unnt var að greina að veðurfar orsakaði 26 af þeim 29 flóðum sem skráð eru. Leysing orsakaði langflest flóðin eða 20 atburðir. Flóðin sem stöfuðu af úrkomu og leysingu urðu þrjú sem og þau sem úrkoma eingöngu orsakaði.

Mestur hluti leysingarflóða varð í febrúar (4 atburðir) og júní (9 atburðir) (Mynd II-5):

- Febrúar flóðin urðu í 1934, 1951, 1952 og 1960. Flóðið 1951 tengist hitabreytingum sem nam  $11,1^{\circ}\text{C}$  á sex dögum, frá  $-6,3$  upp í  $4,8^{\circ}\text{C}$ . Hitabreytingin nam  $13,5^{\circ}\text{C}$  á tveimur dögum í flóðinu 1952, frá  $-6,1$  upp í  $7,4^{\circ}\text{C}$ . Í flóðinu 1960 nam hitabreytingin  $12,3^{\circ}\text{C}$  á þremur dögum, frá  $-2,2$  upp í  $10,1^{\circ}\text{C}$ . Ekki er vitað um hitamun fyrir flóðin 1934.
- Það var einungis eitt flóð í mars en það gerðist í 1918. Flóðið var greint af völdum leysingar í fréttablöðum en veðurgögn eru ekki tiltæk fyrir umrætt tímabil.
- Flóðin sem gerðust í maí urðu 1956 og 1965 og tengjast hámarksmeðaldagshita sem varð  $14,8^{\circ}\text{C}$  að meðaltali.
- Júní flóðin urðu í 1916, 1937, 1939, 1949, 1960, 1988, 1995, 1997, og 1999. Fyrir þau flóð sem veðurgögn eru til um (1949 og eftir) varð hámarksmeðaldagshitinn  $17,5^{\circ}\text{C}$  að meðaltali.
- Júlí flóðin urðu í 1885, 1897, og 1989. Hitinn er þekktur fyrir flóðið 1989 en hann fór frá  $9,5^{\circ}\text{C}$  upp í  $16,8^{\circ}\text{C}$  á sjö dögum.
- Það er einungis eitt flóð í nóvember en það varð í 1956. Hitabreytingin fór frá  $0,4^{\circ}\text{C}$  upp í  $11,3^{\circ}\text{C}$ .

Leysingar- og regnflóð sem vitað er um urðu í febrúar 1930, janúar 1983 og desember 2006. Ekki er vitað um magn úrkomu og hita fyrir flóðið 1930. Flóðið 1983 tengist hitabreytingum sem námu  $20,5^{\circ}\text{C}$  á fimm dögum — frá  $-11,3^{\circ}\text{C}$  upp í  $9,2^{\circ}\text{C}$  — og sólarhringsúrkomu sem í hámarki var  $23,7$  mm. Í flóðinu 2006 nam hitabreytingin  $27,7^{\circ}\text{C}$  á fjórum dögum — frá  $-17,9^{\circ}\text{C}$  upp í  $9,8^{\circ}\text{C}$  — og sólarhringsúrkoma var  $16$  mm í hámarki.

Regnflóðin þrjú sem vitað er um hafa urðu í ágúst 1926, ágúst 1929 og september 1935. Flóðin voru greind af völdum rigningu af upplýsingum úr tímaritum en ekki er vitað um magn úrkomu á þessum árum.

#### 3.1.1 Ísstíflustaðir


Það liggur fyrir að í að minnsta kosti 2 flóðatilvikum hafi ísstífla haft áhrif á stærð flóða (Mynd II-6) en þetta gerðist í febrúar 1951 í Eyjafjarðará við Hóla og í janúar 1983 norðan við Hrafnagil.

### 3.2 Tengdir atburðir


Vitað er um þrjá flóðaatburði tengdum jarðvegsskriðum en þeir gerðust í september 1935, júní 1939, og júní 1949. Óljóst er hvort þær skriður höfðu verulega áhrif á umfang skráðra flóðanna.



Mynd II-3. Fjöldi flóðaatburða á vatnasviði Eyjafjarðarár á tímabilinu 1870–2010.



Mynd II-4. Orsakir flóða.



Mynd II-5. Dreifing flóða eftir orsökum og mánaðarsveiflu.

Í flóðinu 1935 fór skriða „alla leið vestur fyrir Eyjafjarðará og yfir á Melgerðisnes og olli þar skemmdum”<sup>24</sup>. Í júní 1939 „féll skriða fram í Eyjafjarðará [við Leyning] og hafði næstum stíflað hana. Skriða þessi fór yfir akveginn”<sup>25</sup>. Í júní 1949 féll skriða á útihús á Draflastöðum í Sölvadal í Eyjafjarðarsýslu<sup>26</sup>.


### 3.3 Stærð og endurkomutími flóða

Vatnshæðargögn eru ónóg til að unnt sé að meta stærð og endurkomutíma þeirra flóða fjallað er um. Til dæmis fundust einungis upplýsingar um vatnshæð við Hrafnagil (VHM 224) í 1 flóðaatburði af þeim 26 flóðum sem greind hafa verið en sá atburður gerðist 23. janúar 1983.

<sup>24</sup> Da-1935-9-19-161.

<sup>25</sup> VÍ-1939-6-28-3.

<sup>26</sup> Ve-1949-6-1-24.



Mynd II-6. Greindir ísstíflustaðir á vatnasviði Eyjafjarðarár.



## 4 Afleiðingar

Afleiðingar flóða á vatnasviði Eyjafjarðarár hafa aðallega verið á neðri hluta vatnasviðs (Mynd II-7). Flestar þeirra varða skemmdir á samgöngumannvirkjum. Hvorki er vitað um mannskaða af völdum þeirra né um tjón á búfenaði.

### 4.1 Tjón á mannvirkjum

Tjón á mannvirkjum af völdum flóða hefur verið að mestu leyti á samgöngukerfinu og veitumannvirkjum.

#### 4.1.1 Vegakerfi

Vitað er um tíu flóð sem hafa valdið tjóni á brúm og vegum á vatnasviði Eyjafjarðarár (Mynd II-8) en þau gerðust 1918, 1934, 1939, 1951, 1956, 1960, 1965, 1983, 1988 og 2006:

- Mars 1918 flæddi yfir Eyjafjarðarbrautina á mörgum stöðum<sup>27</sup>.
- Febrúar 1934 flæddi á löngum kafla yfir Þjóðveginn, Kaupangsmegin<sup>28</sup>.
- Júní 1939 var vegurinn austur yfir fjörðinn um hólmana rétt innan við Akureyri á löngum köflum í kafi. Þjóðvegurinn austur á Vaðlaheiði fór á kaf<sup>29</sup>. Skjöldalsá flæddi yfir veginn við annan brúarsporðinn<sup>30</sup>.
- Febrúar 1951 hljóp áin úr farvegi sínum og vestur yfir Þjóðveginn norðan Ártúns og rann þar um skeið norður Ártúns- og Skáldsstaðatún og síðan austur í farveg sinn<sup>31</sup>.
- Nóvember 1956 þurrkaðist vegurinn burt á 100-150 m kafla milli Jórunnarstaða og Leynings en á nær 2 km löngum vegi þar var öll mól þvegin úr. Eyjafjarðarbraut var hins vegar ófær vegna skriðuhlaups er náði yfir 100 m kafla<sup>32</sup>. Brú á Finnastaðaá í Hrafnagilshreppi rofnaði.
- Febrúar 1960 flæddi Eyjafjarðará víða yfir bakka sína og bar jakahrönn upp á veginn á nokkrum kafla. Nokkuð rann af ofaníbúrdi úr veginum en ekki svo að verulega yrði að sök. Brú yfir Brunná tók af, gróf áin undan ræsi og rann yfir veginn og tók hann alveg með sér.
- Maí 1965 flæddi áin yfir Þjóðveginn á Eyjafjarðarárhólmum, og brotnaði úr honum “hér og þar”<sup>33</sup>. Brúin á Torfufellsá “laskaðist við það að árstraumurinn gróf undan brúarstöpli”<sup>34</sup>.
- Janúar 1983 lá vatn yfir meirihluta vegarins að brúnum yfir Eyjafjarðará sunnan flugvallarins<sup>35</sup>.
- Í júní 1988 var Branda að “ryðja vegi”<sup>36</sup>.
- Desember 2006 fór Eyjafjarðarbraut vestri í sundur í námunda við Skáldsstaði<sup>37</sup>. Var Miðbrautinni, sem liggur yfir Eyjafjörð við Hrafnagil, lokað þar sem vatn var tekið að flæða yfir veginn og óttast var að hann kynni að rofna<sup>38</sup>. Rofnaði vegurinn báðum megin við brúna á Djúpadalsá<sup>39</sup> vegna þess að það skolaði undan efri stíflunni í Djúpadalsá svo að hún rofnaði.

---

<sup>27</sup> Ís-1918-3-15-43

<sup>28</sup> Da-1934-2-17-49

<sup>29</sup> Ví-1939-6-28-3; Mo-1939-6-24-3.

<sup>30</sup> Ví-1939-6-28-3

<sup>31</sup> Al-1951-5-29-2

<sup>32</sup> Ví-1956-11-7-7; Mo-1956-11-7-15; Ís-1956-11-9-8; Þj-1956-11-7-1.

<sup>33</sup> Mo-1965-6-1-15; Tí-1965-6-2-16; Da-1965-6-2-2.

<sup>34</sup> Da-1965-6-2-2.


<sup>35</sup> Da-1983-1-25-12.

<sup>36</sup> Mo-1988-6-11-36.


<sup>37</sup> Fr-2006-12-21-22.

<sup>38</sup> Mo-2006-12-22-24.


<sup>39</sup> Sjá mynd í Bl-2006-12-21-1.



Mynd II-7. Tjónspor (rauð móða) vatnsflóða á vatnasviði Eyjafjarðarar byggt á staðsetningu þar sem orðið hafa mannskaðar og tjón á samgöngukerfinu, íbúðarhúsum, hejrum, og búfénaði.



Mynd II-8. Tjón á samgöngukerfinu af völdum flóða á vatnasviði Eyjafjarðarar.



Mynd II-9. Tjón á veitumannvirkjum af völdum flóða á vatnasviði Eyjafjörðarar.

#### 4.1.2 Flugvallarmannvirki

Í að minnsta kosti tveimur tilfellum varð flugstöð á Akureyri fyrir áhrif flóða, eða árin 1988<sup>40</sup> og 2006<sup>41</sup>. Í flóðinu 1988 flæddi vatn inn í tvö flugskýli og slökkvistöð flugmálastjórnar.

#### 4.1.3 Veitumannvirki

Vitað er um tvö flóð sem hafa valdið tjóni á veitumannvirkjum en þau gerðust í ágúst 1926 og desember 2006 (Mynd II-9). Í atburðinum 1926 braut Garðsá (Þverá í Garðsárdal) varnargarða og skemmdust rafmagnsvélar á Munkaþverá af flóði í ánni<sup>42</sup>. Í flóðinu 2006 brast efri stíflan í Djúpadalsárvirkjun „með þeim afleiðingum að vatn flæddi í stöðvarhús beggja virkjananna og olli þar miklu tjóni“<sup>43</sup>.

#### 4.1.4 Landbúnaðarmannvirki

Lítið er vitað um tjón á landbúnaðarmannvirkjum. Þó er ljóst að í flóðinu 1939 varð hlaðan hjá Kaupangi „öll umflotin vatni“<sup>44</sup> og í flóðinu 1951 „fyllti áin upp á miðja vegg“ fjárhúsbragga frá Ártúni, austan Þjóðvegarsins<sup>45</sup>.

#### 4.1.5 Annað

Í atburðinum 1939 varð bærinn Kaupangsbakki allur umflottinn<sup>46</sup>. Í flóðinu 1988 flæddi inn í slökkvistöðina á flugvallarsvæðinu<sup>47</sup>.

## 5 Samantekt

Unnt var að afmarka 29 flóðaatburði á vatnasviði Eyjafjarðarár. Langflestir gerðust eftir 1900, á þremur 20-ára ( $\pm 5$ ) tímabilum: 1916–1939, 1949–1965, og 1983–2006. Í tveimur tilfellum eða í 1956 og 1960 urðu fleiri en eitt flóð á ári. Rúmur þriðjungur flóða eða 34% hefur átt sér stað í júní mánuði en rúmur helmingur eða 54% yfir sumarmánuðina júní til ágúst. Flest vetrarflóðanna hafa átt sér stað í febrúar mánuði.

Langflest flóðin, eða 20 atburðir, voru orsökkuð af leysingu. Flóðin sem stöfuðu af úrkomu og leysingu urðu þrjú sem og þau sem orsökkuð voru af úrkomu eingöngu. Vatnshæðargögn eru ónóg til að unnt sé að meta stærð þeirra flóða fjallað er um.

Afleiðingar flóða hafa aðallega verið tjón á samgöngukerfinu og veitumannvirkjum. Hvorki er vitað um mannskaða af völdum þeirra né um tjón á búfénaði.

## 6 Þakkir

Verkefnið var styrkt af Ofanflóðasjóði. Höfundar þakka sérstaklega Óðni Þórarinssyni, Snorra Zóphóníassyni, Þórönnu Pálsdóttur og Oddi Sigurðssyni fyrir áhugaverðar umræður, hugmyndir og ábendingar á meðan verknefninu stóð. Að lokum þakka höfundar sveitarfélaginu Eyjafjarðarsveit, einkum og sér í lagi Einari Tryggva Thorlacius, fyrir aðstoð við söfnun gagna.

---

<sup>40</sup> Mo-1988-6-12-68; Ve-1988-6-1-42; Da-1988-6-13-1; DV-1988-6-13-2; Mo-1988-6-14-42.

<sup>41</sup> Fr-2006-12-21-1.

<sup>42</sup> Ve-1926-8-1-32; Ís-1926-8-27-1.

<sup>43</sup> B1-2006-12-21-1; Norðurorka, 2007.

<sup>44</sup> Mo-1939-6-24-3.

<sup>45</sup> A1-1951-5-29-2.

<sup>46</sup> V1-1939-6-28-3.

<sup>47</sup> Mo-1988-6-14-42.

## 7 Heimildir

### 7.1 Fræðirit

Guðmundur Kjartansson (1945). Íslenskar vatnsfallategundir. *Náttúrufræðingurinn*, 15, 113–126.

Norðurorka (2007). *Ársskýrsla 2006*. Akureyri: Norðurorka hf. Sótt frá [https://www.no.is/static/files/arsskyrslur/arsskyrsla\\_2006.pdf](https://www.no.is/static/files/arsskyrslur/arsskyrsla_2006.pdf)

Sigurjón Rist (1990). *Vatns er þörf*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Veðurstofa Íslands (2016). *Vatnshæðaskýrsla vatnsárið 2014/2015, V224, Eyjafjarðará, Hrafnagil*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands.

### 7.2 Blaðsíður í fréttablöðum og tímaritum úr stafrænu safninu Tímarit.is

Al-1930-3-3-2	Alþýðublaðið 3. mars 1930, bls. 2. URL: <a href="http://timarit.is/files/1744831.pdf">http://timarit.is/files/1744831.pdf</a>
Al-1931-8-4-2	Alþýðublaðið 4. ágúst 1931, bls. 2. URL: <a href="http://timarit.is/files/1751503.pdf">http://timarit.is/files/1751503.pdf</a>
Al-1937-6-21-4	Alþýðublaðið 21. júní 1937, bls. 4. URL: <a href="http://timarit.is/files/1782695.pdf">http://timarit.is/files/1782695.pdf</a>
Al-1943-7-4-2	Alþýðublaðið 4. júlí 1943, bls. 2. URL: <a href="http://timarit.is/files/5455037.pdf">http://timarit.is/files/5455037.pdf</a>
Al-1951-5-29-2	Alþýðumaðurinn 29. maí 1951, bls. 2. URL: <a href="http://timarit.is/files/24743446.pdf">http://timarit.is/files/24743446.pdf</a>
Al-1952-2-21-8	Alþýðublaðið 21. febrúar 1952, bls. 8. URL: <a href="http://timarit.is/files/6260260.pdf">http://timarit.is/files/6260260.pdf</a>
Al-1953-7-5-8	Alþýðublaðið 5. júlí 1953, bls. 8. URL: <a href="http://timarit.is/files/6271751.pdf">http://timarit.is/files/6271751.pdf</a>
Al-1956-11-13-4	Alþýðumaðurinn 13. nóvember 1956, bls. 4. URL: <a href="http://timarit.is/files/24754166.pdf">http://timarit.is/files/24754166.pdf</a>
Al-1956-5-29-5	Alþýðumaðurinn 29. maí 1956, bls. 5. URL: <a href="http://timarit.is/files/24753786.pdf">http://timarit.is/files/24753786.pdf</a>
Al-1956-5-29-8	Alþýðublaðið 29. maí 1956, bls. 8. URL: <a href="http://timarit.is/files/6295658.pdf">http://timarit.is/files/6295658.pdf</a>
Al-1956-5-29-8	Alþýðublaðið 29. maí 1956, bls. 8. URL: <a href="http://timarit.is/files/6295658.pdf">http://timarit.is/files/6295658.pdf</a>
Al-1960-2-9-3	Alþýðublaðið 9. febrúar 1960, bls. 3. URL: <a href="http://timarit.is/files/7416627.pdf">http://timarit.is/files/7416627.pdf</a>
Bl-2006-12-21-1	Blaðið 21. desember 2006, bls. 1. URL: <a href="http://timarit.is/files/28403980.pdf">http://timarit.is/files/28403980.pdf</a>
Bl-2006-12-21-12	Blaðið 21. desember 2006, bls. 12. URL: <a href="http://timarit.is/files/28404041.pdf">http://timarit.is/files/28404041.pdf</a>
Bú-1901-1-1-97	Búnaðarrit 1. janúar 1901, bls. 97. URL: <a href="http://timarit.is/files/24564969.pdf">http://timarit.is/files/24564969.pdf</a>
Da-1931-8-6-151	Dagur 6. ágúst 1931, bls. 151. URL: <a href="http://timarit.is/files/18977001.pdf">http://timarit.is/files/18977001.pdf</a>
Da-1934-2-17-49	Dagur 17. febrúar 1934, bls. 49. URL: <a href="http://timarit.is/files/19001542.pdf">http://timarit.is/files/19001542.pdf</a>
Da-1935-9-19-161	Dagur 19. september 1935, bls. 161. URL: <a href="http://timarit.is/files/18977872.pdf">http://timarit.is/files/18977872.pdf</a>
Da-1949-12-24-10	Dagur 24. desember 1949, bls. 10. URL: <a href="http://timarit.is/files/18991972.pdf">http://timarit.is/files/18991972.pdf</a>
Da-1951-10-24-12	Dagur 24. október 1951, bls. 12. URL: <a href="http://timarit.is/files/18995269.pdf">http://timarit.is/files/18995269.pdf</a>
Da-1952-2-20-12	Dagur 20. febrúar 1952, bls. 12. URL: <a href="http://timarit.is/files/18996017.pdf">http://timarit.is/files/18996017.pdf</a>
Da-1956-2-4-1	Dagur 4. febrúar 1956, bls. 1. URL: <a href="http://timarit.is/files/19013912.pdf">http://timarit.is/files/19013912.pdf</a>
Da-1965-6-2-2	Dagur 2. júní 1965, bls. 2. URL: <a href="http://timarit.is/files/19050444.pdf">http://timarit.is/files/19050444.pdf</a>
Da-1965-6-2-2	Dagur 2. júní 1965, bls. 2. URL: <a href="http://timarit.is/files/19050444.pdf">http://timarit.is/files/19050444.pdf</a>
Da-1965-6-5-8	Dagur 5. júní 1965, bls. 8. URL: <a href="http://timarit.is/files/19050487.pdf">http://timarit.is/files/19050487.pdf</a>
Da-1983-10-17-3	Dagur 17. október 1983, bls. 3. URL: <a href="http://timarit.is/files/19105305.pdf">http://timarit.is/files/19105305.pdf</a>
Da-1983-1-25-12	Dagur 25. janúar 1983, bls. 12. URL: <a href="http://timarit.is/files/19100781.pdf">http://timarit.is/files/19100781.pdf</a>
Da-1983-1-25-8	Dagur 25. janúar 1983, bls. 8. URL: <a href="http://timarit.is/files/19100767.pdf">http://timarit.is/files/19100767.pdf</a>
Da-1987-5-26-12	Dagur 26. maí 1987, bls. 12. URL: <a href="http://timarit.is/files/19167408.pdf">http://timarit.is/files/19167408.pdf</a>
Da-1988-11-5-6	Dagur 5. nóvember 1988, bls. 6. URL: <a href="http://timarit.is/files/19183643.pdf">http://timarit.is/files/19183643.pdf</a>
Da-1988-6-13-1	Dagur 13. júní 1988, bls. 1. URL: <a href="http://timarit.is/files/19177431.pdf">http://timarit.is/files/19177431.pdf</a>
Da-1988-6-14-3	Dagur 14. júní 1988, bls. 3. URL: <a href="http://timarit.is/files/19177494.pdf">http://timarit.is/files/19177494.pdf</a>
Da-1988-6-15-3	Dagur 15. júní 1988, bls. 3. URL: <a href="http://timarit.is/files/19177552.pdf">http://timarit.is/files/19177552.pdf</a>

Da-1995-6-13-4	Dagur 13. júní 1995, bls. 4. URL: <a href="http://timarit.is/files/19292340.pdf">http://timarit.is/files/19292340.pdf</a>
Da-1995-6-14-2	Dagur 14. júní 1995, bls. 2. URL: <a href="http://timarit.is/files/19292390.pdf">http://timarit.is/files/19292390.pdf</a>
Da-1999-6-15-1	Dagur 15. júní 1999, bls. 1. URL: <a href="http://timarit.is/files/19385184.pdf">http://timarit.is/files/19385184.pdf</a>
DV-1983-1-27-5	DV 27. janúar 1983, bls. 5. URL: <a href="http://timarit.is/files/19722930.pdf">http://timarit.is/files/19722930.pdf</a>
DV-1988-6-13-2	DV 13. júní 1988, bls. 2. URL: <a href="http://timarit.is/files/20002390.pdf">http://timarit.is/files/20002390.pdf</a>
Fj-1885-8-28-64	Fjallkonan 28. ágúst 1885, bls. 64. URL: <a href="http://timarit.is/files/8555041.pdf">http://timarit.is/files/8555041.pdf</a>
Fr-1885-1-1-25	Fréttir frá Íslandi 1. janúar 1885, bls. 25. URL: <a href="http://timarit.is/files/9438359.pdf">http://timarit.is/files/9438359.pdf</a>
Fr-2006-12-21-1	Fréttablaðið 21. desember 2006, bls. 1. URL: <a href="http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/061221.pdf">http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/061221.pdf</a>
Fr-2006-12-21-16	Fréttablaðið 21. desember 2006, bls. 16. URL: <a href="http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/061221.pdf">http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/061221.pdf</a>
Fr-2006-12-21-18	Fréttablaðið 21. desember 2006, bls. 18. URL: <a href="http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/061221.pdf">http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/061221.pdf</a>
Fr-2006-12-21-22	Fréttablaðið 21. desember 2006, bls. 22. URL: <a href="http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/061221.pdf">http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/061221.pdf</a>
He-1935-10-16-5	Heimskringla 16. október 1935, bls. 5. URL: <a href="http://timarit.is/files/10881215.pdf">http://timarit.is/files/10881215.pdf</a>
Ís-1901-5-8-110	Ísafold 8. maí 1901, bls. 110. URL: <a href="http://timarit.is/files/9761250.pdf">http://timarit.is/files/9761250.pdf</a>
Ís-1916-6-16-98	Íslendingur 16. júní 1916, bls. 98. URL: <a href="http://timarit.is/files/25211557.pdf">http://timarit.is/files/25211557.pdf</a>
Ís-1918-3-15-43	Íslendingur 15. mars 1918, bls. 43. URL: <a href="http://timarit.is/files/25215971.pdf">http://timarit.is/files/25215971.pdf</a>
Ís-1926-8-27-1	Íslendingur 27. ágúst 1926, bls. 1. URL: <a href="http://timarit.is/files/25241070.pdf">http://timarit.is/files/25241070.pdf</a>
Ís-1926-9-1-4	Ísafold 1. september 1926, bls. 4. URL: <a href="http://timarit.is/files/9813895.pdf">http://timarit.is/files/9813895.pdf</a>
Ís-1952-10-15-8	Íslendingur 15. október 1952, bls. 8. URL: <a href="http://timarit.is/files/25294381.pdf">http://timarit.is/files/25294381.pdf</a>
Ís-1956-11-9-8	Íslendingur 9. nóvember 1956, bls. 8. URL: <a href="http://timarit.is/files/25301770.pdf">http://timarit.is/files/25301770.pdf</a>
Ís-1956-5-30-8	Íslendingur 30. maí 1956, bls. 8. URL: <a href="http://timarit.is/files/25300802.pdf">http://timarit.is/files/25300802.pdf</a>
Ís-1960-2-12-1	Íslendingur 12. febrúar 1960, bls. 1. URL: <a href="http://timarit.is/files/25317867.pdf">http://timarit.is/files/25317867.pdf</a>
Ís-1965-6-11-8	Íslendingur 11. júní 1965, bls. 8. URL: <a href="http://timarit.is/files/25330846.pdf">http://timarit.is/files/25330846.pdf</a>
La-1904-1-1-300	Landsyfírréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1. janúar 1904, bls. 300. URL: <a href="http://timarit.is/files/20225189.pdf">http://timarit.is/files/20225189.pdf</a>
La-1904-1-1-304	Landsyfírréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1. janúar 1904, bls. 304. URL: <a href="http://timarit.is/files/20225203.pdf">http://timarit.is/files/20225203.pdf</a>
Lö-1897-10-14-3	Lögberg 14. október 1897, bls. 3. URL: <a href="http://timarit.is/files/10449886.pdf">http://timarit.is/files/10449886.pdf</a>
Lö-1926-10-7-5	Lögberg 7. október 1926, bls. 5. URL: <a href="http://timarit.is/files/10656309.pdf">http://timarit.is/files/10656309.pdf</a>
Mo-1926-8-29-2	Morgunblaðið 29. ágúst 1926, bls. 2. URL: <a href="http://timarit.is/files/11856722.pdf">http://timarit.is/files/11856722.pdf</a>
Mo-1926-8-31-3	Morgunblaðið 31. ágúst 1926, bls. 3. URL: <a href="http://timarit.is/files/12226243.pdf">http://timarit.is/files/12226243.pdf</a>
Mo-1930-3-4-3	Morgunblaðið 4. mars 1930, bls. 3. URL: <a href="http://timarit.is/files/11885388.pdf">http://timarit.is/files/11885388.pdf</a>
Mo-1931-8-5-3	Morgunblaðið 5. ágúst 1931, bls. 3. URL: <a href="http://timarit.is/files/11906366.pdf">http://timarit.is/files/11906366.pdf</a>
Mo-1952-2-21-12	Morgunblaðið 21. febrúar 1952, bls. 12. URL: <a href="http://timarit.is/files/15635572.pdf">http://timarit.is/files/15635572.pdf</a>
